

Nd.

250. Frumvarp til laga

[140. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

Flm.: Ingvar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi fyrir verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi oddvita Árskógshrepps til flutningsmanns, dags. 3/2 1963, óskar hreppurinn að fá keyptar af ríkinu tvær eyðijarðir á Þorvaldsdal, Hrafnagil og Grund. Áður hefur hreppurinn keypt eyðijörðina Kúgil þar á dalnum, en hún var í einkaeign.

Mörg ár eru síðan flestar jarðir á Þorvaldsdal fóru í eyði, og er nú aðeins búið á einni jörð, Kleif, utarlega í dalnum, svo og Brattavöllum í dalsmynninu. Er almennt álitid, að jarðir þær, sem þegar eru komnar í eyði, verði ekki aftur byggðar, en Árskógshreppi hins vegar þörf stærri afréttarlanda. Kúgili, sem áður er nefnt, hefur þegar verið bætt við afréttarlönd hreppsins og ætlun hreppsnefndar að nýta Grund og Hrafnagil í sama skyni.

Fylgiskjal.

Engihlið, 3. febrúar 1963.

BRÉF ODDVITA ÁRSKÓGSHREPPS

Hr. alþingismaður Ingvar Gíslason.

Fyrir hönd hreppsnefndar Árskógshrepps óska ég eftir því, að þú flytjir nú á þessu yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs til að selja Árskógshreppi eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi.

Báðar þessar jarðir eru búnar að vera lengi í eyði og ekki líkur til, að þær verði teknar í ábúð. Árskógshreppur hefur fyrir nokkru keypt eyðijörðina Kúgil, sem áður var í einkaeign, og bætt henni við afréttarlönd hreppsins. Telur hreppsnefndin eðlilegra, að hreppurinn eigi allar þessar samliggjandi jarðir, og óskar því eftir að fá áðurnefndar tvær jarðir keyptar, ef samkomulag næst um verð.

Virðingarfyllst,

Marínó Þorsteinsson.